

REGLUGERÐ

um þátttöku sveitarfélaga í kostnaði sjúkrasamlaga.

1. gr.

Af heildarkostnaði vegna sjúkrasamlaga greiðir ríkissjóður 85% en sveitarsjóðir samtals 15% með þeim hætti sem segir í 2. gr.

2. gr.

Hlutdeild sína í heildarkostnaði sjúkrasamlaga greiða sveitarfélög innan hvers samlags-svæðis með því að greiða af kostnaði sjúkrasamlags síns frá 1. janúar 1982 eins og hér segir:

Sjúkrasamlag Gullbringusýslu	19,02%
Sjúkrasamlag Kjósarsýslu	17,83%
Sjúkrasamlag Mýra- og Borgarfjarðarsýslu	13,50%
Sjúkrasamlag Snæfellsness- og Hnappadalssýslu	14,70%
Sjúkrasamlag Dalasýslu	16,97%
Sjúkrasamlag Austur-Barðastrandarsýslu	16,07%
Sjúkrasamlag Vestur-Barðastrandarsýslu	17,47%
Sjúkrasamlag Ísafjarðarsýslu	15,57%
Sjúkrasamlag Strandarsýslu	17,17%
Sjúkrasamlag Vestur-Húnavatnssýslu	16,08%
Sjúkrasamlag Austur-Húnavatnssýslu	15,03%
Sjúkrasamlag Skagafjarðarsýslu	13,60%
Sjúkrasamlag Eyjafjarðarsýslu	36,66%
Sjúkrasamlag Þingeyjarsýslu	18,94%
Sjúkrasamlag Norður-Múlasýslu	17,57%
Sjúkrasamlag Suður-Múlasýslu	15,86%
Sjúkrasamlag Austur-Skaftafellssýslu	17,97%
Sjúkrasamlag Vestur-Skaftafellssýslu	19,57%
Sjúkrasamlag Rangárvallasýslu	20,74%
Sjúkrasamlag Árnessýslu	17,49%
Sjúkrasamlag Keflavíkur	15,58%
Sjúkrasamlag Njarðvíkur	14,91%
Sjúkrasamlag Grindavíkur	16,05%
Sjúkrasamlag Hafnarfjarðar	16,73%
Sjúkrasamlag Garðabæjar	16,23%
Sjúkrasamlag Kópavogs	18,06%
Sjúkrasamlag Seltjarnarness	17,90%
Sjúkrasamlag Akraness	13,59%
Sjúkrasamlag Ísafjarðar	14,28%
Sjúkrasamlag Bolungarvíkur	15,64%
Sjúkrasamlag Sauðárkróks	14,43%
Sjúkrasamlag Siglufjarðar	16,02%
Sjúkrasamlag Ólafsfjarðar	28,13%
Sjúkrasamlag Dalvíkur	32,73%
Sjúkrasamlag Akureyrar	29,62%
Sjúkrasamlag Húsavíkur	14,45%

Sjúkrasamlag Seyðisfjarðar	16,55%
Sjúkrasamlag Neskaupstaðar	13,01%
Sjúkrasamlag Vestmannaeyja	12,85%
Sjúkrasamlag Reykjavíkur	20,08%

3. gr.

Framlagi sveitarsjóða innan hvers samlagssvæðis skal jafnað niður á sveitarfélögin í réttu hlutfalli við fjölda íbúa 16 ára og eldri miðað við síðasta manntal.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 117 31. desember 1976 um breyting á lögum nr. 67 20. apríl 1971, um almannatryggingar, og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. desember 1982.

Svavar Gestsson.

Jón Ingimarsson.

BÆJANÖFN O. FL.

Menntamálaráðuneytið hefur — samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjarnöfn o. fl. — gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1982:

Kjósarsýsla:

Hólaland á loðdýraræktarbýli í landi Lykkju, Kjalarneshreppi.

Borgarfjarðarsýsla:

Stóra-Býla á smábýli í landi Ytra-Hólms, Innri-Akraneshreppi.

Austur-Húnavatnssýsla:

Dunhóll á nýbýli í landi Stóra-Búrfells, Svínavatnshreppi.

Skagafjarðarsýsla:

Stóra-Gröf ytri II á iðnaðarbýli í landi Stóru-Grafar ytri, Staðarhreppi.

Eyjafjarðarsýsla:

Hléberg á þjónustubýli í landi Hrafnagils, Hrafnagilshreppi.

Suður-Þingeyjarsýsla:

Traðir á þjónustubýli í landi Sólbergs, Svalbarðsstrandarhreppi.